

# Lög

## um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (EES-reglur).

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í þágu umferðaröryggis og bættra vinnuskilyrða skal ökumaður við akstur í farþega- og farmflutningum í atvinnuskyni njóta nægjanlegrar hvíldar til að geta sinnt störfum sínum. Í því skyni skal kveðið á um hámark daglegrar, vikulegrar og tveggja vikna vinnuskyldu ökumanna eftirtalinna ökutækja og skyldu þeirra til hvíldar eða til að gera hlé á akstri ökutækja sem:

- er yfir 3,5 tonnum að leyfðri heildarþyngd,
  - er hönnuð eða varanlega útbúin til að flytja fleiri en átta farþega,
  - er yfir 2,5 tonnum að leyfðri heildarþyngd og notuð til vöruflutninga á milli ríkja eða gestaflutninga.
- b. Á eftir e-lið 2. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra stafliða samkvæmt því: skyldu flutningsaðila til að skipuleggja vinnu ökumanns í samræmi við ákvæði um aksturs- og hvíldartíma og skrásetja hvernig það er gert.
- c. Í stað orðanna „sbr. d- og e-lið“ í f-lið 2. mgr. kemur: sbr. d-, e- og f-lið.
- d. Á eftir i-lið 2. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra stafliða samkvæmt því: skyldu flutningsaðila til að greiða kostnað vegna gistingar ökumanns utan ökutækis þegar hann er að störfum.

### 2. gr.

Á eftir orðinu „endurmenntun“ í 3. másl. 10. mgr. 58. gr. laganna kemur: að hluta.

### 3. gr.

Við 62. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Leiði það af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahags-svæðið að erlent ökuskírteini skuli gilda hér á landi eða að íslenskt ökuskírteini verði útgefið í stað þess mælir ráðherra nánar fyrir um það og skilyrði þess í reglugerð.

### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

- a. Orðið „vegið“ í 1. másl. 6. mgr. fellur brott.

## b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að leggja sekt á framleiðanda ökutækja þegar skýrslugjöf hans er ekki í samræmi við kröfur sem fram koma í reglugerð sem ráðherra setur. Eftirlitsstofnun EFTA er einnig heimilt að leggja sekt á framleiðanda ökutækja eða aðra markaðsaðila vegna samræmdra aðgerða innan Evrópska efnahagssvæðisins þegar ökutæki, eftirvagn, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining samræmist ekki kröfum sem fram koma í reglugerð ráðherra. Ráðherra skal í reglugerð m.a. kveða nánar á um skyldur og ábyrgð framleiðanda ökutækja og annarra markaðsaðila.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun annast markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og öðru þeim tengdu, samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Samgöngustofa annast gerðarviðurkenningar. Ráðherra skal í reglugerð m.a. kveða nánar á um framkvæmd starfa markaðseftirlits- og viðurkenningarstjórnvalda, rétt til upplýsinga og gagna, miðlunar þeirra, aðgang að athafnasvæði markaðsaðila, sýnatöku o.s.frv.

## 5. gr.

Á eftir 114. gr. laganna kemur ný grein, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Innleiðing.*

Lög þessi fela í sér heimild til innleiðingar ákvæða eftirtalinna reglugerða og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins:

- a. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 frá 28. júní 2018 um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 396/2021 frá 10. desember 2021.
- b. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, þung ökutæki og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 595/2009 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 og tilskipun ráðsins 96/53/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 398/2021 frá 10. desember 2021.
- c. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2022 frá 18. mars 2022.
- d. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1054 frá 15. júlí 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006 að því er varðar lágmarkskröfur um daglegan og vikulegan hámarksaksturstíma, lágmarksvinnuhlé og daglegan og vikulegan hvíldartíma og reglugerð (ESB) nr. 165/2014 að því er varðar staðarákvörðun með aðstoð ökurita, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2022 frá 18. mars 2022.
- e. Tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/645 frá 18. apríl 2018 um breytingu á tilskipun 2003/59/EB um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga og á tilskipun ráðsins 2006/126/EB um ökuskrírteini, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2022 frá 29. apríl 2022.
- f. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/1280 frá 18. júlí 2022 um sértækar og tímabundnar ráðstafanir, í ljósi innrásar Rússlands í Úkraínu, varðandi skjöl fyrir ökumenn sem gefin eru út í Úkraínu í samræmi við löggjöf landsins, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2023 frá 28. apríl 2023.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal c-liður a-liðar 1. gr. öðlast gildi 1. júlí 2026.

---

*Samþykkt á Alþingi 22. júní 2024.*